



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Þriðjudagur, 1. júlí, 2014

Ákvörðun nr. 19/2014

## Yfirtaka Kristins ehf. á ÍSAM ehf.

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Þann 6. júní 2014 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Kristins ehf. (hér eftir Kristinn) á öllu hlutafé í ÍSAM ehf. (hér eftir ÍSAM). Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Tilkynningunni fylgdu m.a. kaupsamningur um framangreind kaup og ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrðin eru uppfyllt.

### II.

#### Samkeppnisleg áhrif samrunans

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða hluta, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.<sup>1</sup>

Samruni þessi varðar yfirtöku Kristins á öllu hlutafé í ÍSAM.

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



Samkvæmt samrunaskrá er Kristinn eignarhaldsfélag sem stundar kaup og sölu verðbréfa, auk lánastarfsemi. Eini hluthafi Kristins er einkahlutafélagið Fram ehf. (hér eftir Fram), en eigandi alls hlutfjár í Fram er Guðbjörg Magnea Matthíasdóttir. Kristinn stundar ekki rekstur af neinu tagi, en tengist rekstri Ísfélags Vestmannaeyja hf. (hér eftir Ísfélag Vestmannaeyja), Kvosar ehf. (hér eftir Kvos) og Árvakurs hf. (hér eftir Árvakur), vegna eignarhalds Guðbjargar Matthíasdóttur, eiganda Kristins, í þeim fyrirtækjum.

Að mati samrunaaðila starfa þeir á ótengdum mörkuðum og af þeim sökum er ekki til að dreifa mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

Ísfélag Vestmannaeyja starfar á sviði sjávarútvegs, þar sem helstu starfspættir eru útgerð fiskiskipa og frysting og vinnsla sjávarafurða. Þá hefur Ísfélag Vestmannaeyja nýlega fest kaup á útgerðarfélaginu Dala-Rafni ehf. í Vestmannaeyjum, auk þess að eiga Fiskmarkað Þórshafnar ehf.

Árvakur gefur út Morgunblaðið og starfar þ.a.l. á markaði fyrir dagblaðaútgáfu. Kvos er eignarhalds- og fjárfestingafélag í prentiðnaði og skyldum rekstri og starfar því á prentmarkaði.

ÍSAM, áður Íslensk Ameríska verslunarfélagið, er framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki, stofnað árið 1964 af Bert Hanson og Ragnheiði Jónasdóttur. Fyrirtækið hefur allar götur síðan verið í eigu fjölskyldunnar. Seljendur ÍSAM eru:

Bert Hanson	29,5%
Ragnheiður Jónasdóttir	30,5%
Ragnheiður Hanson	10,0%
Ragnheiður Rakel Hanson	10,0%
Rebekka Berta Hanson	10,0%
Hrókur eignarhaldsfélag ehf.	6,0%
Egill Árnason	3,0%
Hildur Einarsdóttir	1,0%

Hjá ÍSAM starfa um 370 manns og fer starfsemi félagsins eingöngu fram á Íslandi.

ÍSAM er einn af stærstu birgjunum á dagvörumarkaði á Íslandi, en birgjar annast framleiðslu og/eða innflutning á daglegum neysluvörum sem seldar eru í heildsölu til dagvöruverslana. ÍSAM starfar í innflutningi og í rekstri heildverslunar á dagvörumarkaði, auk þess sem félagið framleiðir niðursuðuvörur (ORA), kex (Frón og Kexsmiðjan) og brauð og kökur (Myllan). Flóra vörumerkja hjá ÍSAM er afar fjölbreytt, hvort sem um er að ræða innflutning, heildsölu eða framleiðslu.

Fram kemur í samrunaskrá að tilgangur kaupa Kristins á ÍSAM sé alfarið fjárfestingalegs eðlis þar sem eigendur Kristins sjái framtíðartækifæri í þeirri starfsemi sem ÍSAM hefur með höndum. Ekki sé á þessu stigi til að dreifa neinum samlegðaráhrifum milli samrunaaðila vegna samrunans, þ.e. milli félaga í samstæðu ÍSAM og félaga sem tengd séu Kristni, s.s. Ísfélags Vestmannaeyja, Kvosar eða Árvakurs. Fyrir liggir að rekstur ÍSAM verði algerlega aðskilinn rekstri Kristins og tengdra félaga.



### **III.**

#### **Niðurstaða**

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Kristins og ÍSAM muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni, en samrunaaðilar starfa ekki á sömu mörkuðum. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

### **IV.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna samruna Kristins ehf. og ÍSAM ehf.“**

#### **Samkeppniseftirlitið**

Páll Gunnar Pálsson